

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 16/97
frá 26. mars 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 4/97 frá 14. mars 1997⁽¹⁾.

Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 3052/95/EB frá 13. desember 1995 um að
innleiða kerfi fyrir skipti á upplýsingum um innlendar ráðstafanir sem víkja frá
meginreglunni um frjálsa vöruflutninga innan bandalagsins⁽²⁾ skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/11/EBE)
í XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

„3f. 395 D 3052: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 3052/95/EB frá
13. desember 1995 um að innleiða kerfi fyrir skipti á upplýsingum um innlendar
ráðstafanir sem víkja frá meginreglunni um frjálsa vöruflutninga innan
bandalagsins (Stjttíð. EB nr. L 321, 30. 12. 1995, bls. 1).”.

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 321, 30. 12. 1995, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar nr. 3052/95/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 26. mars 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner